

## FUNDARBOÐ

### 1784. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 27. apríl 2017 og hefst kl. 17:00

#### Dagskrá:

#### Almenn erindi

##### 1. 1608293 - Fornubúðir 5, byggingaráform

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.apríl sl.  
Tekið fyrir að nýju en skipulags- og byggingarráð heimilaði fyrir sitt leyti að deiliskipulagsbreytingin yrði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem samþykkt var í bæjarstjórn 1.2. s.l.  
Tillagan var auglýst frá 28.02.2017-11.04.2017 og athugasemd barst með bréfi dags. 10.04.2017.  
Lögð fram greinagerð skipulagsfulltrúa dags. 18.04.2017.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa og fyrir sitt leyti fyrirliggjandi tillögu að deiliskipulagi Fornubúða 5 og að málinu verði lokið í samræmi við 42. gr. skipulagslaga 123/2010. og gerir eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir tillögu að deiliskipulagi Fornubúða 5 og að málinu verði lokið í samræmi við 42.gr. laga 123/2010."

##### 2. 1703373 - Eskivellir 1, 227-5055, íbúð, kaup

13.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.apríl sl.  
Lagt fram kautilboð í íbúð að Eskivöllum 1.

Bæjarráð samþykkir framlagt kautilboð í íbúð að Eskivöllum 1.

##### 3. 1601218 - Opnunartími sundlauga

8.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 7.apríl sl.  
Á fundi ÍTH þann 29. mars var vísað til fræðsluráðs tillögum nefndarinnar um aukna opnun sundstaða Hafnarfjarðar.

Fræðsluráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkt verði að auka opnunartíma í sundlaugum Hafnarfjarðar. Farið verði að tillögum ÍTH sem fela í sér annars vegar að opið verði á svokölluðum „Rauðum dögum“, þ.e. á tilteknum hátíðisdögum í kringum páska, jól ofl. og hins vegar sumaropnun í Suðurbæjarlaug, þ.e. að sundlaugin verði opin lengur á kvöldin í tvo mánuði í sumar frá því sem verið hefur hingað til. Aukið aðgengi að sundlaugum er á meðal þess sem lögð er áhersla á í nýlegri Heilsustefnu Hafnarfjarðar og aðgerðaráætlun hennar. Kostnaður við þessa

auknu þjónustu nemur um 3.500.000 kr á fjárhagsárinu 2017 og er lagt til að honum verði mætt með auknum tekjum af fasteignagjöldum umfram áætlun. Bæjarráð leggi til viðauka skv. þessari tillögu. Frekari útfærslur á auknu aðgengi að sundlaugum bæjarins verði teknar til skoðunar í fjárhagsáætlunargerð 2018.

#### **4. 1602410 - Fjölmeningarráð**

8.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 7.apríl sl.  
Fjölskylduráð tilefnir Karólínu Helgu Símonardóttur og Algirdas Slapikas sem aðalmenn og Valdimar Víðisson og Árni Áskelsson sem varamenn í fjölmeningarráð og vísar þeirri tilnefningu til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **5. 1702336 - HS Veitur hf, aðalfundur 2017**

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.apríl sl.  
Lagt fram bréf frá HS Veitum dags. 23.mars sl.

Erindinu er vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.

#### **6. 1703142 - Suðurbella 9 , umsókn um lóð**

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 6.apríl sl.  
Lögð fram umsókn RK bygg ehf um lóðina Suðurbella 9.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að RK bygg ehf verði úthlutað lóðinni Suðurbellu 9.

#### **7. 1701116 - Kirkjuvellir 1, Ástjarnarkirkja, safnaðarheimili, fjármögnun og útleiga**

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.apríl sl.  
Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi samning og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

#### **Fundargerðir**

#### **8. 1701078 - Fundargerðir 2017, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð fræðsluráðs frá 5.apríl sl.  
a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanevndar frá 29.mars sl.  
Fundargerðir fjölskylduráðs frá 7. og 24.apríl sl.  
Fundargerðir bæjarráðs frá 6. og 11.apríl sl.  
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 23.mars sl.  
b. Fundargerð stjórnar Hafnarborgar frá 23.mars sl.  
c. Fundargerð heilbrigðisnevndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 27.mars sl.  
d. Fundargerð stjórnar Sambands ísl.sveitarfélaga frá 24.mars sl.  
e. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 10.mars sl.  
f. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 24.mars sl.  
g. Fundargerð stjórnar SSH frá 6. og 13.mars sl.  
h. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17.mars sl.  
Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 5.apríl sl.  
a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 24.mars sl.  
b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17.mars sl.  
Fundargerðir skipulags- og byggingaráðs frá 4. og 25.apríl sl.  
Fundargerð forsetanefndar frá 21.apríl sl.

#### **Áætlanir og ársreikningar**

**9. 1704121 - Ársreikningur bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og fyrirtækja hans 2016, fyrri umræða**

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 11.apríl sl.

Ársreikningur 2016 lagður fram. Rósa Steingrímisdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs mætti til fundarins.

Bæjarráð vísar ársreikningnum til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

25.04.2017

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri